

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

1. gr.

Ákvæði 3.7. verður eftirleiðis svohljóðandi.

Eftirlitsaðilar eru Umhverfis- og orkustofnun og faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 58. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Ákvæði 4. gr. ásamt fyrirsögn verður eftirleiðis svohljóðandi:

Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun fer með framfylgd reglugerðar þessarar.

3. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 6.3. gr., kemur: byggingarfulltrúa, í samráði við Umhverfis- og orkustofnun ef um starfsleyfisskylda eða skráningarskylda starfsemi er um að ræða.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „heilbrigðisnefndir skulu“ í 8.1 gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun skal.
- b. Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 8.1 gr., og hvarvetna þar sem orðin koma fyrir í reglugerðinni, kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.
- c. Orðin „nr. 319/1995“ í 1. tölul. 8.1 falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „viðkomandi heilbrigðisnefnd“ í 9.1. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- b. 1. málsl. 9.2. gr. fellur brott.
- c. Í stað orðanna „stofnunin metur í ljósi aðsendra upplýsinga“ í 9.2. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun metur.
- d. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 9.3 gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
- e. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneyti“ í 9.3. gr. kemur: atvinnuvegaráðuneyti.
- f. Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í 9.3. gr. kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 10.1, kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 10.2 gr. kemur: samkvæmt 1. mgr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin „í samráði við heilbrigðisnefndir“ í 11.1 falla brott.
- b. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndum“ í 11.3 kemur: sveitarfélögum.

c. Ákvæði 11.4 fellur brott.

8. gr.

Ákvæði 15. gr. reglugerðarinnar verður eftirleiðis svohljóðandi:

Umhverfis- og orkustofnun skal meta árangurinn af aðgerðaáætlun fyrir viðkvæm vatnasvæði og semja rannsóknaráætlun ef þörf er á, þar sem m.a. skal kveða á um mælingar stofnunarinnar á styrk næringarefna í yfirborðsvatni og níttrat í grunnvatni.

9. gr.

Ákvæði 16. gr. fellur brott.

10. gr.

Orðin „Aðgangur að upplýsingum,“ í fyrirsögn VII. kafla, og 18. gr. falla brott.

11. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin er sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hlutverk sveitarfélaga við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026